

Stofnun samvinnufélags

Miðvikudaginn 12. júní verður haldinn stofnfundur samvinnufélags sem mun annars vegar starfa við þýðingar og textagerð og hins vegar veitingastarfsemi og listagallerí. Um 10 einstaklingar standa að baki stofnunar félagsins sem allir hafa tekið þátt í tilraunaverkefni á vegur Rannsóknaseturs verslunarinnar og fleiri aðila. Stofnendur félagsins eiga það sameiginlegt að hafa reynslu og þekkingu á þeim sviðum sem félagið starfar en hafa um nokkurt skeið verið í atvinnuleit.

Unnið hefur verið að undirbúningi að stofnun félagsins í nokkra mánuði með aðkomu Vinnumálastofnunar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Um er að ræða evrópskt tilraunaverkefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar tekur þátt í og styrkt er af Grundtvig starfsmenntaáætluninni. Nokkur ESB lönd taka þátt í verkefninu, sem ber heitið Conventus.

Tilraunaverkefnið hefur falist í því að undirbúa þátttakendur í stofnun samvinnufélaga með kennslu og ráðgjöf sem nýst hefur vel í öðrum Evrópulöndum. Þó hér á landi litist viðhorf til samvinnufélaga að nokkru af vafasamri fortíð samvinnuhreyfingarinnar, er samvinnufélagsformið notað í nágrannalöndum okkar sem liður í atvinnusköpun og félagslegri þátttöku ýmissa hópa sem eiga undir högg að sækja á atvinnumarkaði.

Ástæðan fyrir því að valin er leið samvinnufélags er að í því er bæði um að ræða félagslegan og fjárhagslegan ávinning fyrir félagsmenn. Með þessu verkefni er verið að draga lærdóm af aðferðum sem hafa reynst vel annars staðar.

Áföst er auglýsing um kynningarfund og stofnfund félagsins.

Nánari upplýsingar veitir: Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is eða í GSM 822 1203)